



GAMMA: INDEX

Vísitölusjóður GAMMA er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 og sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Hann fjárfestir í ríkistryggðum bréfum (íbúðabréfum, ríkisbréfum og verðtryggðum ríkisbréfum) í sömu hlutföllum og samsetning vísitölu íslenska skuldabréfamarkaðarins, GAMMA: Government Bond Index. Sjóðurinn mun því leitast við að fylgja markaðsávöxtun sem best. Hann hentar vel viðskiptavinum sem vilja langtímafjárfestingu í ríkistryggðum skuldabréfum með lágmarkskostnaði.

Vísitölusjóður GAMMA beitir hlutlausri og fyrirfram þekktri fjárfestingarstefnu. Um mánaðamót er eignasafn sjóðsins endurstíllt í samræmi við vigtir skuldabréfavísitölu GAMMA (GAMMA: Government Bond Index). Leitast er við að hafa vigtir í einstökum bréfum ávallt sem næst vísitölunni með $\pm 2\%$ frávik. Innstreymi (nýjar fjárfestingar, vaxtagreiðslur og afborganir) í sjóðinn er fjárfest við fyrsta tækifæri í samræmi við vísitöluna.

Um GAM Management hf. og sjóðsstjóra

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu í mars 2009.

GAMMA sérhæfir sig í fjárfestingu á vaxtamarkaði (e. fixed income) og leggur sérstaka áherslu á tækifæri sem felast í íslenskum skuldabréfa-, vaxtamarkaði.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, sem starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólgu tengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Fyrst starfaði Valdimar hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrisviðskiptum. Hann hefur sinnt kennslu við Háskóla Íslands og kennir nú námskeiðið Skuldabréf í meistaranámi í hagfræði. Hann hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum á Íslandi sem og í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Helstu upplýsingar


Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Árleg þóknun:	0,45%
Gengismunur:	0,00%
Innlausnargjald:	0 kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
Gengisuppreikningur:	Daglegur í lok dags
Meðallíftími:	9 ár, sbr. skuldabréfavisitala
Hámarks stærð:	Engin
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskráningu

Sýn sjóðsstjóra

GAMMA: INDEX hækkaði um 1,2% í janúar á móti um 1,2% hækkan skuldabréfavísitölnnar GAMMA: GBI. Síðastliðið ár hefur sjóðurinn hækkað um 13,6% á móti 14,3% hækkan vísitölnnar. Fylgnin hefur verið há eða um 99,7% og dagleg fylgniskekka lág eða um +/- 0,02%.

Töluverðar sveiflur hafa verið á skuldabréfum í janúar þar sem markaðurinn byrjaði af miklum krafti en gaf svo eftir. Í lok árs 2011 var talið að stýrivextir myndu ekki breytast fyrr en á seinni hluta ársins en nú greinir markaðsaðila töluvert á hversu fljótt mun verða haldið áfram með vaxtahækkunarferlið. Verðbólgan í janúar mældist 6,5% yfir árið sem virðist í samræmi við spá Seðlabankans frá því í haust en gerir raunstýrivexti hans neikvæða um ca. 1,8%, sem að öllum líkindum hann telur vera of mikill peningalegur slaki. Þannig eru töluverðar líkur á því að vaxtahækkunir hafi færst framur í tíma.

Eignasamsetning




Skuldabréfavisitala GAMMA, GAMMA: Government Bond Index, er reiknuð og birt af GAM Management hf. Hún sýnir markaðsverðmætavígtaða heildarávöxtun helstu skuldabréfa á markaði sem eru útgefin af íslenska ríkinu eða með íslensku ríkisábyrgð. Í vísitölunni eru íbúðabréf, ríkisbréf og verðtryggð ríkisbréf með þeim skilyrðum að viðskiptavakt sé á skuldabréfinu í NASDAQ OMX Nordic Exchange og meira en 6 mánuðir séu í lokadag skuldabréfs. Vísitalan er reiknuð í lok hvers viðskiptadags og eru

Gengisþróun og ávöxtun

Ávöxtun	Sjóður	GBI	Kennitölur	
1 mánn	1,2%	1,2%	Hrein eign [m.kr.]	860
3 mánn	4,2%	4,4%	Verðtryggt	70,8%
6 mánn	10,7%	11,2%	Meðallíftími ár	9,0
1 ár	13,6%	14,3%	90 daga flökt	5,4%
stofnun*	27,2%	28,6%	Veltuhlutfall	-97,4

*stofndagur 18. janúar 2010

Gengisþróun GAMMA: INDEX vs. Skuldabréfavisitala GAMMA



Tölur um ávöxtun vísa til fortíðar og hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísendingu um ávöxtun í framtíð.

Skuldabréfateymi

Valdimar Ármann
s: 519 3304
valdimar@gamma.is
Sjóðsstjóri

Gisli Hauksson
s: 519 3301
gisli@gamma.is

Guðmundur Björnsson
s: 519 3303
mummi@gamma.is

Agnar T. Möller
s: 519 3302
agnar@gamma.is

Fyrirvari:

Um fjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna um fjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari um fjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Um fjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útbóðslýsingu eða útdrætti úr útbóðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almenn fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísendingu um framtíðarávöxtun.